# HAFNARFJARÐARBÆR

# Skólar

Viðhald fasteigna
Ársskýrsla 2021

Hafnarfjörður 29.12 2021



Hafnarfjarðarbær|Umhverfis- og skipulagssvið|Norðurhellu 2|220 Hafnarfjörður|Sími 585 5500|Kennitala 590169-7579|www.hafnarfjordur.is

# EFNISYFIRLIT

**INNGANGUR** ..... 4
**Áslandsskóli – færanlegar kennslustofur** ..... 6
**Engidalsskóli** ..... 8
**Hraunvallaskóli** ..... 12
**Hvaleyrarskóli** ..... 16
**Lækjarskóli** ..... 19
**Lækjarskóli - íþróttahús** ..... 23
**Menntasetrið** ..... 25
**Setbergsskóli** ..... 28
**Setbergsskóli - íþróttahús** ..... 32
**Skarðshlíðarskóli** ..... 34
**Tónkvísl** ..... 35
**Tónlistarskóli** ..... 37
**Víðistaðaskóli** ..... 39
**Víðistaðaskóli - íþróttahús** ..... 44
**Öldutúnsskóli** ..... 46

# INNGANGUR

Skýrslan var unnin haustið 2021 og er samantekt (stöðumat) yfir viðhaldsþörf fyrir skólamannvirki Hafnarfjarðarbæjar. Ekki er í stöðumatinu reiknað með verðlags- eða vísitölubreytingum fyrir komandi ár, sem og er ekki gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna aukinna skemmda á eignum sem verður til vegna frekari frestunar á viðhaldi.
Gert er ráð fyrir að skýrslan veiti innsýn í viðhaldsþörf sveitarfélagssins og verður þannig innlegg til fjárhagsáætlunargerðar fyrir bæinn.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var áætlað í viðhaldskostnað um 466 milljónir. Af þessum fjármunum voru áætlaðar ca. 175 milljónir til viðhalds skólamannvirkja (ca. 38 % alls fjármagns). Að auki var varið um 50 milljónum í fjárfestingu vegna viðgerða á Hraunvallaskóla og breytingar á Lækjarskóla.

Á árinu 2021 var ráðist í rúmlega 480 viðhaldsverkefni í skólum og voru verkefnin af mismunandi stærðargráðum. Um 113 aðilar (verktakar/kennitölur) tengjast viðhaldi skóla og leikskóla á árinu. Megin áhersla varðandi viðhaldsverkefni, hefur legið í verkefnum tengdum lekavandamálum og fyrirbyggjandi viðhaldsverkefnum. Á árinu 2021 hefur ennfremur verið lögð umtalsverð áhersla á að bæta og laga skólalóðir.
Ef ekki er hugað að fyrirbyggjandi viðhaldi, sem og ráðast stax í viðgerðir á t.d. lekum, verður kostnaður við einstakar framkvæmdir oft margfalt dýrari en þörf er á. Meðal annars vegna þessa, þarf að taka kostnaðarmat framkvæmda, í skýrslunni, með ákveðnum fyrirvara.

Í skýrslunni eru upptalin brýnustu viðhaldsverkefni fyrir hverja eign. Upptalning verkefna í skýrslunni er ekki tæmandi og afar líklegt að mörg ný verkefni koma upp í vetur og á komandi ári. Óvissan í fjárþörf er því umtalsverð vegna framkvæmda á komandi ári. Gróft viðhaldsmat (fjárþörfin) fyrir skólamannvirki, næstu 3 ár, er metin um **1.080 milljónir**. Í þessa upphæð eru tekin stórt viðhaldsverk, s.s. Setbergsskóla og Öldutúnsskóla.

| Viðhaldsskipting næsta ár | 2022 |
|---|---|
| ÁSLANDSSKÓLI- FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR | 1.000.000 |
| ENGIDALSSKÓLI | 14.000.000 |
| HRAUNVALLASKÓLI | 10.000.000 |
| HVALEYRARSKÓLI | 15.000.000 |
| LÆKJARSKÓLI | 12.000.000 |
| LÆKJARSKÓLI- ÍÞRÓTTAHÚS | 4.500.000 |
| MENNTASETRIÐ | 8.000.000 |
| SETBERGSSKÓLI | 18.000.000 |
| SETBERGSSKÓLI- ÍÞRÓTTAHÚS | 4.000.000 |
| SKARÐSHLÍÐARSKÓLI | 6.000.000 |
| TÓNKVÍSL | 4.000.000 |
| TÓNLISTARSKÓLI | 4.000.000 |
| VÍÐISTAÐASKÓLI | 20.000.000 |
| VÍÐISTAÐASKÓLI- ÍÞRÓTTAHÚS | 4.500.000 |
| ÖLDUTÚNSSKÓLI | 21.000.000 |
| **Samtals** | **146.000.000** |

*Taflan sýnir áætlað fjármagn deilt á einstaka skóla á árinu 2022*

Hægt er að reikna raun viðhaldsþörf fyrir allar eignir bæjarins í sögulegu samhengi. Uppsöfnuð viðhaldsþörf frá 2008 gæti legið á bilinu 2- 2,5 milljörðum króna fyrir allar eignir bæjarins. Raunþörfin á viðhaldsfé er fundin með að nota 0,85% af fasteignamati (% sem er í lægri kanti) eignar. Með að uppfæra viðhaldsfé m.t.t. byggingarvísitölu fæst þannig raunþörf á fjármagni í viðhald á ári fyrir eignasafnið. Fjárhagsáætlanir síðastliðinna ára að frádreginni raunþörf auk vísitölu sýnir heildarskortinn á fjármagni í viðhald. Í þeim tölunum er ekki tekið tillit til nýrra eigna sem hafa komið inn síðastliðin ár s.s.

- 2014 bættist við Kaplakriki (fasteignamat viðbót um 2.000 milljónir).
- 2016 bættist við Leikskólinn Bjarkarvellir (fasteignamat viðbót um 650 milljónir).
- 2017 bættist við St. Jósefsspítali.
- 2017 bættist við Suðurgata 14 (Skattstofan).
- 2017 bættist við Keilir.
- 2018 bættist við Gúttó.
- 2018 bættist við Jólaþorpið.
- 2018 bættist við Skarðshlíðarskóli.
- 2019 bættist við Sólvangur gamli.
- 2019 bættist við Sólvangur nýi.
- 2019 bættist við Aksturíþróttafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Bogfimifélagið.
- 2020 bættist við Sveinssafn Krísuvík.
- 2020 bættist við Arnarhraun 50, íbúðir.
- 2021 bættist við Tækniskólinn Flatahrauni 14.
- 2021 bættist við Sólvangsvegur 3

Í skýrslunni er ákveðið er að vinna útfrá þeirri forsendu að það fáist um 487 milljónir króna í viðhaldsfé á árinu 2022 fyrir allar eignir bæjarins. Taflan hér að neðan sýnir áætlaða skiptingu þess fjármagns í eignahluta.

| **Áætlað fjármagn 2022** | **% skipting** | **Upphæð í Kr.** |
|---|---:|---:|
| Skólar | 30,0% | 145.999.800 |
| Leikskólar | 20,0% | 97.333.200 |
| Sundlaugar/íþróttahús | 20,0% | 97.333.200 |
| Annað húsnæði | 15,0% | 72.999.900 |
| Ófyrirséð | 15,0% | 72.999.900 |
| **Samtals** | **100%** | **486.666.000** |

Umtalsverð áhersla á viðhald skólabygginga á árinu 2022. Í skóla er áætlað að verja, í viðhaldsmál, um 30 % af fjármagninu alls um 146 milljónum. Að auki er áætlað að verja um 285 milljónum í fjárfestingar í skóla og skólalóðir á árinu 2022.
Í skýrslunni er viðhaldsskipting, fyrir árið 2022, unnin í samvinnu við húsumsjónarmenn og skólastjórnendur. Ekki er gert ráð fyrir í viðhaldsáætlun nýjum verkefnum sem upp kunna að koma yfir veturinn. Fyrirhugaðar framkvæmdir og fjármagn getur þannig breyst, innan og milli stofnanna, ef forsendur breytast. Í skýrslunni eru fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu 2022 merktar með rauðu letri.

# Áslandsskóli – færanlegar kennslustofur

| | |
|---|---|
| Heildarviðhaldskostnaður | 7 m.kr. |
| Bókhaldsnúmer | 31-111-11011 |
| Heimilisfang | Kríuás 1 |
| Byggingaár | |
| Flatarmál | m² |
| Fasteignamat | |
| Tegund húsnæðis | Skóli |

**Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár.**
Ástand húsnæðisins er á heildina litið gott en kominn tími á almennt viðhald. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **4 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldsþörf næstu 3 árin er því um **7 milljónir króna.** Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

**Innanhúss:**
- Endurmála veggi.

**Utanhúss:**
- Laga girðingu á KSI velli
- Laga tröppur við inngang.

| Viðhaldsskipting næstu 3 ár | | |
|---|---|---|
| **2022** | **2023** | **2024** |
| 1.000.000 | 3.000.000 | 3.000.000 |

**Framkvæmdir 2021.**
Á árinu 2021 var varið um 2,4 milljón í viðhald, stærsti hluti fjármagns fór í færslu/breytingu á tölvustofu innan skólans.
- Raflagnir fyrir tölvur
- Borð undir tölvur
- Festingar f. TölvurHP Desktop Mini Security/DualV
- Skipta um tvær brotnar rúður
- Rífa niður neysluvatns og skolplagnir í tölvuherbergi
- Setja upp borðplötu í tölvuherbergi
- Tölvulagnir í tölvustofu
- KSÍ völlur, lagfæringar

**Áætlað viðhald á árinu 2022**

Á árinu 2022 er áætlað að verja um 2 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2022 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

**Myndir af viðhaldsverkefnum:**

*Mynd. Bera þarf á timburverk á KSI velli og laga net. Laga þarf timburþrep á færanlegu stofunum.*

# Engidalsskóli

| | |
|---|---|
| Heildarviðhaldskostnaður | 74 m.kr. |
| Bókhaldsnúmer | 31-111-11004 |
| Heimilisfang | Breiðvangur 42 |
| Byggingaár | 1979 |
| Flatarmál | 4790 m² |
| Fasteignamat | 1.247.300.000 |
| Tegund húsnæðis | Skóli |

**Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár.**
Ástand húsnæðisins er í sæmilegu standi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **35 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **13 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldsþörf næstu 3 árin er því um **74 milljónir króna.** Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

**Innanhúss:**
- Endurmála þarf víða veggi skólans
- Laga flísar á veggjum á nokkrum salernum í skólanum.
- Halda þarf áfram að skipta um ljósbúnað á göngum í skólanum
- Stofa 18 mála, laga hljóðvist
- Yfirfara og endurnýja flísar og dúka.
- Skipta um 5 glugga
- Fjarlægja vegg, setja upp stóra uppskiptanlega stofu.
- Loftræsting í kennslustofur
- Hússtjórnarkerfi

**Utanhúss:**
- Sprunguviðgerðir og endurmála steypta fleti á norðurhlið.
- Fjölga bílastæðum
- Setja bílastæði fyrir rútur, sleppistæði fyrir börn og bæta umferðaröryggi gangandi vegfarenda
- Setja upp hjólagerði
- Laga hleðslu við inngang, snjóbræðslu
- Girða af ruslatunnugerði
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

| Viðhaldsskipting næstu 3 ár | | |
|---|---|---|
| **2022** | **2023** | **2024** |
| 14.000.000 | 30.000.000 | 30.000.000 |

**Framkvæmdir 2021.**
Á árinu 2021 var varið um 20,2 milljónum í viðhald á eigninni og að auki um 6,3 milljónum í viðhald á lóð skólans. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Setja upp millivegg hjá hjúkrunarfræðing
- Mála herbergi/salerni hjá hjúkrunarfræðingi. Málarahvít akrílhúð 25 og úthaf akrílhúð 25.
- Mæla og panta glugga, setja Þakkúpla
- Laga texta í forriti og forrita inn I/O einingar fyrir útslátt á loftræstingu.Ganga á milli óforritaða skynjara og staðfesta staðsetningu.Prófa brunaboð og staðfesta virkni I/O einingа og hurðasegla.
- Útbúa kerfismynd vegna brunakerfis
- Nýjir hurðaseglar forritun og prófun á brunakerfi
- Skipta um þrýstirofa á WC, ganga frá töflu, Skipta um tengla í stofu 7
- Laga myndavélar
- Ná í lamir og laga glugga
- Viðgerð við ofnalögn í stiga, múrvinna
- Skipta um blöndunartæki í eldhúsi ofl
- Laga leka með þaki á gangi hjá hjúkrunarfræðingi. Setja nýjar flasningar
- Flytja sýjur vegna loftræstingar
- Vinklar og áfella vegna leka á þaki
- Gluggaskipti. Nýjir glerjaðir pvc gluggar 8 stk.
- Lagfæra brunakerfi
- Rífa út innréttingar og fara með í sorpu, rífa bor og saga niður, setja upp vegg í stofu. Skipta um glugga á austurgafli.
- Skipta um ljósbúnað. RZB LED lampi 19 W 2100 lm 830 Dali 21 stk. Spot light neyðarljós 3 W IP40 270lm
- Klæða veggi, færa skápa og setja upp hillur
- Gólfdúkalögn og viðgerð á gólfdúk
- Fjarlægja lagnir úr gólfi og veggjum í kjallara
- Vinna við lekaleit og myndataka
- Glerja rúður í kennslustofur og ná í og setja upp innihurð
- Ástandsskoðun verkfræðiþjónusta
- Laga leka í elimenti í loftræstikerfi á 2 hæð. Nýtt eliment
- Tengja brunakerfi við loftræstikerfi
- Breyta borðum og lagfæringar vegna leka
- Málningarvinna. Stofa 22, stofa 26 og herbergi á milli stofa 25 og 26. Einn veggur í stofu 25. Efni: málarahvít akrílhúð 25
- Yfirfara vélar og sogkerfi í loftræstingu
- Skipta um hreinlætistæki, gera við leka
- Skipta um og laga ofnakerfi ofna, fjarlægja lagnir í textilstofu
- Laga dúkalagnir í st. 1-13, tölvustofu og húsvarðaherbergi
- Viðgerð og flísalögn á gólfi við inngang v/ vatns. og raka.

- Uppsetning á Lappset útileiktækjum og fallvörn. Shockpads Foam 3cm undir gúmmíhellur 98,00 98 m2, Gúmmíhellur 500x500x4,5 Grænar 20 m2, Gúmmíhellur 500x500x4,5 redbrown 78,00 m2, Þökulögn 130,00m2
- Flora jafnvægisslár, Balance beam Flora 2 stk
- Reiðhjólastandur M - form, 6 stk
- Lappset leiktæki, 2 stk Balance beam Flora, 1 stk Gnomes Climbing Forest
- Lóð Trjáfelling fella nokkrar aspir
- Vinklar fyrir hellulögn/tartan
- Keyrsla með gáma V/leiktækja
- Málningarvinna . Stofa 24. Efni: Málarahvít akrílhúð 25
- Rúðubrot Glermæling og pöntun á gleri
- Laga fög í stofum, setja upp skilrúm í sturtum, laga stokk á gangi og laga rennur
- Málun á skrifstofu inn af vinnustofu kennara.
- Gera við loftræstisamstæðu fyrir aðra hæð. Skipt um legur í innbásara, skipt um þrýstistýringu og ónýtan útiloftshitanema.....
- Ástandsskoðun/verkfræðiþjónusta
- Hurðarseglar lagaðir, bæta við hurðarstoppara
- Málningarvinna. Stofa 32 (Hjartarými fyrir 3. og 4. bekk). Anddyri og tvö salerni. Aðal anddyri í kjallara. Málarahvít akrílhúð.
- MÚRBOLTI G 8X52MM S/KA PK/100STK, vegna skjalasafns
- Bilanaleit og viðgerðir v útilýsingar, laga streng milli staura
- Skipt um ljós á göngum, Loftljós 4 stk LED 400mm 30W dimmanleg, Neyðarljós 4 stk Spot Light GR290-GR291, Innfelld LED 30x30x19W 117 stk
- Gera við sturtur í baðklefa og vatnslagnir í eldhúsi
- Götuljósker LED með miðnæturdimmingu 41,5 W 4 stk, Neyðarljós GR290 - GR291 2 stk. Aðkeypt jarðvinna vegna ljósastaura, leiga á spjóti ofl
- Rífa millivegg

**Áætlað viðhald á árinu 2022**

Á árinu 2022 er áætlað að verja um 14 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2022 er merkt með rauðu í texta hér að framan. Að auki er áætlað að verja í fjárfestingar um 41,5 milljón króna. Helstu fjárfestingaliðir eru fjölgun bílastæða, sleppisvæði, bæta loftræstingu, laga skólalóð, auka fjölda af hjólagrindum og bæta hljóðvist.

**Myndir af viðhaldsverkefnum:**

*Mynd. Múrviðgerðir og málun á NV hlið skólans. Skipta þarf út nokkrum gluggum*

*Mynd. Laga hljóðvist og skipta út gömlum ljósbúnaði og laga loftgæði í kennslustofum.*

*Mynd. Laga snjóbræðslu, hellulögn og mála ljósastaura*

# Hraunvallaskóli

| | |
|---|---|
| Heildarviðhaldskostnaður | 100 m.kr. |
| Bókhaldsnúmer | 31-111-11016 |
| Heimilisfang | Drekavellir 9 |
| Byggingaár | 2006-2011 |
| Flatarmál | 8836 m² |
| Fasteignamat | 1.958.810.000 |
| Tegund húsnæðis | Skóli |

**Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár.**
Ástand húsnæðisins er að verða nokkuð gott en á árinu var varið um **46 milljónum** í að lagfæringar á skólanum. Á næsta ári er reiknað með að verja einhverjum fjárhæðum í viðgerðir sem tengjast gluggakerfum en veturinn mun leiða í ljós hvernig til tókst. Uppsafnaður kostnaður vegna breytinga og viðgerða á næstu árum er áætlaður um **40 milljónir** króna, er þar fyrirséður kostnaður vegna flutning á lausum kennslustofum stærsti kostnaðarliðurinn. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **20 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldsþörf næstu 3 árin er því um **100 milljónir króna.** Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

**Innanhúss:**
- Víða þarf að mála kennslusvæði.
- Slípa og lakka parket á smíðastofu
- Skipta út ljósbúnaði á göngum / LED væðing
- Slípa og lakka parket á göngum
- Laga hljóðvist í íþróttasal.
- Laga frárennsli frá ofni í eldhúsi.
- Yfirfara og laga dúka og flísar.
- Laga leka frá niðurfalli sem liggur inni í húsi

**Utanhúss:**
- Yfirfara dúk á þaki.
- Fjarlægja hluta af lausum kennslustofum á lóð.
- Endurbætur á húsum vegna tilfærslu fjölgreinadeildar
- Laga körfuboltavöll eftir flutning á húsum
- Stækka leiksvæði
- Helluleggja malarsvæði við hús og á lóð

- Laga leka með opnanlegum fögum og búrum
- Skipta um brotnar flísar utan á húsinu
- Lagfæringar á lóð, ný leiktæki og annað sem kemur uppá.

| Viðhaldsskipting næstu 3 ár | | |
|---|---|---|
| **2022** | **2023** | **2024** |
| 30.000.000 | 35.000.000 | 35.000.000 |

**Framkvæmdir 2021.**
Á árinu 2021 var varið um 16,3 milljónum í viðhald á eigninni og að auki um 21,7 milljón í breytingar og lagfæringar vegna uppsetninga á milliveggjum og um 3,7 milljónum í viðhald á lóð skólans. Alls um 42 milljónir. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Klæðning á brunastiga
- Skipt um 2 rúður
- Nýr hraðabreytir í loftræstikerfi settur upp og forritaður, Hraðabreyti 7,5kw IP54
- Bilaðir hraðabreytar fyrir útsog í loftræsikerfi. Finna nýja og fá verð. Kaupa nýja hraðabreyta fyrir loftræsingu
- Mismunaþrýstingur á loftræsingu, hraðabreytir fyrir útsog kerfi 2 virkar ekki.
- Skipta um innihurðar, setja panikslár, laga kerfisloft og klifurvegg
- D-lás m/auga 5mm ryðfrír
- Rúðubrot skipt um rúðu
- Vinna við gólfhita forrita nýjan hitanema á klósetti og í eldhúsi
- Flytja hurð
- Leiktæki Gúmmíhellur redbrown
- Leiktæki Proludic J 45019
- Leiktæki 1 stk Union
- Viðgerð á læsingum
- Loftræsing jafnvægisstilling. Bilun í loftræsingu, slitnar reimar.
- Klára að setja upp brunastöðina, 60 stk Apollo nemar
- Optískur Reyksk Analog
- Auka við loftflæði í leikskóla, Hönnun, teiknun
- Málningarvinna. Dansstofa, matsalur, anddyri í miðrými, gangur í alrými á 1. hæð og fatahengi hjá leikskóla. Litur: málarahvít akrílhúð.
- Sækja nýja hraðabreyta fyrir loftræsikerfi 3, A3RWE 5,0A 1/S/ IP21 0-10V, 2 stk
- EASY LIGHT 1,5h autotest, 1 stk neyðarljós
- Sækja sýjur
- Bæta við skynjurum , laga athugasemdir vegna brunamála
- Leiktæki Proludic J 45019
- Skipta um reimar fyrir loftræstingar, 1518LA X12.5 REIM
- Bilanagreining á útsogsblásurum, blásarar ónýtir. Skipt um þakblásara, m.a. Útsog eldhús
- Leiktæki Proludic J 45019
- Verkfræðiþjónusta, v leka gluggakerfa
- Vélaleiga og flutningur, vegna blásara á þaki
- Bæta við brunakerfi skv skýrslu Securitas
- Rakaþétta 3 LED lampa í háfum
- Rúðubrot skipt um rúðu
- Hljóðvist upphengi
- Viðhald í loftræstingu skipta út síum og 4 reymum

- Skipta um tvo hraðabreyta fyrir útsogsblásara
- Vinna við gólfhita og stýringar og setja upp hitastilli á vegg
- UCS stjórnbox og neyðarrofi fyrir brunalúgu, skipt um 26 stk útiljós GR291, skipt um 19 stk útiljós GR290, skipt um 12 stk neyðarljós utan á hús IP65, breyta öllum neyðarljósum inni á neðstu hæð.
- Setja upp 2 nýjar skólabjöllur 230V, skipta um tvo lampa á körfuboltavelli, frágangur á lögnum og staurum inni , fækka staurum, laga neyðarljós á 1,2 og 3 hæð, skipta um út/exit ljós.
- Galvanhúðaðir boltar á leiktæki
- Sækja síur í loftræstingu
- Laga KSI girðingu
- Fura alhefl 22x95 ab-gagnv – 180
- KSÍ völlur gera við girðingu, lagfæring á lóð
- BRETTASKINNA HG 8X25MM HEITGALV, BORÐABOLTI HG 8X100MM v. Leiktækja
- Bilanagreina hitavandamál í tónlistarstofu og bókasafni
- Lagfæringar v. Brunamála, Neyðarljós, hreyfi og viðveruskynjarar, brunastrengir, optiskir reykskynjarar mm.
- Leiga á skæralyftu
- Leiga á spjótlyftu
- Leiga JLG 340aj 12m bómulyfta
- Flísar, gluggaviðgerð, Lagfæra gluggafög, KSÍ viðgerðir
- Leggja lagnir að sendum, setja upp WiFi senda í skólastofum
- JLG E300 Rafm.spjót
- Leiga 260MRT skæralyfta
- Milliveggir uppsetning, laga glugga á 2 hæð
- Málningarvinna. Vinna við frágang á öllum gluggum eftir lekaviðgerðir. Efni: perlulakk 40 - ral9010
- Laga brunaskynjara, færa tengla og tengja neyðarljós, leggja að út exitljósum, tengja hreyfiskynjara, neyðarljós og færa exit ljós á 3 hæð vegna breytinga á stofum.
- Málningarvinna vegna nýrra gipsveggja. Efni: málarahvít akrílhúð 25 og 4020-b50g (grænt) akrílhúð 25
- Setja upp milliveggi og fjarlægja vegg
- Iðnaðarþrif v. Framkvæmda
- Málningarvinna. Vinna við nýtt gips. Efni; málarahvít akrílhúð 25 og 4020-b50g akrílhúð 25.
- Laga loftræstingu
- Laga sprinkler, vinna vegna breytinga
- Líma sökkla, kítta , yfirfara suður og viðgerðir á gólfdúkum mm
- Setja upp gifsveggi og loftaefni
- Lokun vegna rúðubrots 25/9
- Tengja uppþvottavél vinna við snjóbræðslu
- Útgáfa teikninga vegna breytinga á sprinkler
- Laga hurðakarm í baðklefa, laga gluggaleka í C álmu 1. Hæð
- Viðgerðir á gólfdúk
- Lýsing löguð LED 2 stk í kjallara og sólúr stillt
- Lagfæringar á lóð
- Yfirfara og skrá neyðarlýsingu og skynjara
- Laga stýrikerfi snjóbræðsla ofl
- Akstur með sand. Sóttur þökusandur í Kamb og ekið með hann á lagersvæði við Norðurhellu,

- TÚNÞÖKUR 60 m2
- Skipta um brotna rúðu
- Mælingar á loftræsikerfi, grunur um ójafnvægi í loftskiptum
- Malbiksviðgerðir

**Áætlað viðhald á árinu 2022**
Á árinu 2022 er áætlað að verja um 10 milljónum í viðhald og aðrar breytingar í skólanum. Viðhaldsáætlun 2022 er merkt með rauðu í texta hér að framan. Að auki er áætlað að verja í fjárfestingar um 104 milljón króna. Helstu fjárfestingaliðir eru m.a. að fjarlægja 2 lausar kennslustofur af lóð, framkvæma lagfæringar á lóð, laga leka með gluggum og aðlaga Fléttuvelli að kennslu fjölgreinadeildar.

**Myndir af viðhaldsverkefnum:**

*Mynd. Í íþróttasal þarf að skipta út loftaplötum*

*Mynd. Frágangur álkerfis við steypta veggi og glugga er ekki í lagi og og veldur lekum innandyra*

# Hvaleyrarskóli

| | |
|---|---|
| Heildarviðhaldskostnaður | 72 m.kr. |
| Bókhaldsnúmer | 31-111-11006 |
| Heimilisfang | Akurholt 1 |
| Byggingaár | 1990-2005 |
| Flatarmál | 6534 m² |
| Fasteignarmat | 1.570.150.000 |
| Tegund húsnæðis | Skóli |

**Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár.**
Ástand húsnæðisins er í sæmilegu ástandi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **24 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **16 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldsþörf næstu 3 árin er því um **72 milljónir króna.** Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

**Innanhúss:**
- Endurmála m.a. veggi í skólastofum.
- Laga hljóðvist í stofu við matsal
- Laga einn útvegg.
- Skipta um ljósbúnað, setja upp LED ljós
- Bæta loftræstingu fyrir kæliskápa í ljósritunarherbergi.
- Yfirfara og endurnýja gólfefni.
- Hússtjórnarkerfi

**Utanhúss:**
- Laga þakkant við stigagang.
- Laga ryð á þaki
- Sprunguviðgerðir utanhúss og málun
- Setja upp hjólagerði á lóð
- Setja bílastæði á lóð næst starfsmannainngangi
- Lagfæra steypuskemmdir á loftræstiháf.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

| Viðhaldsskipting næstu 3 ár | | |
|---|---|---|
| **2022** | **2023** | **2024** |
| 15.000.000 | 28.000.000 | 29.000.000 |

**Framkvæmdir 2021.**
Á árinu 2021 var varið um 14,4 milljónum í viðhald á eigninni og að auki um 4,2 milljónum í viðhald á lóð skólans. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Loftr.kerfi, viðgerð
- Hreing.eftir iðnaðarm
- Glerflutningur
- Rúðubrot skipt um rúðu
- Nýr dúkur stofa og andyri
- Lóð Defa Helena Park Clear 45W 3°K, 2 stk
- Skipta um Olympya -Ut-og Neyðarlj.
- Gólfdúkalögn og gólfflísalögn, viðgerðir á gólfdúk ofl.
- Skipta um WC í stofu 1. Skipt um ofn á gangi vesturálmu
- Leiktæki Gúmmíhellur svartar
- Laga þakglugga mæla túður ofl
- Leiktæki 1 stk Union
- Unnið við að skipta um klósett í textil sofu
- 4 stk Þaköndun 100x100x100
- Sækja sýjur
- Laga brunakerfi, Reykskynjari hvítur vistfang ISO
- Reiðhjólastandur M - form, 4 stk
- Forritaðar viðbætur v brunakerfis. Bætt við skynjurum skv athugasemdum í Securitas skýrslu
- Taka niður körfur, grafa fyrir nýjum
- Uppsetning á 6 körfuboltakörfum
- Reiðhjólastandur M - form, 2 stk
- Skipta um 9 opnanleg fög og þéttikanta, setja upp túður
- Ganga frá körfuboltavelli
- Gólfdúkalögn og viðgerð á gólfdúk
- Jafna undir torf
- Laga brunakerfi, bjöllur og bjöllurás
- Málningarvinna. Frístundaheimilið Holtasel og gangur þar fyrir framan. Stofa 27. Efni: málarahvít akrílhúð 25
- Skipta um opnanleg fög
- Vinna við hurðapumpur skipta um og laga og endurtengja við brunakerfi
- Klæða vegg, skipta um lamir á innihurðum og glerja
- Fara með hjólagrindur
- Stígur, túnþökur 250 m2
- Lagfæra leiktæki
- Malbika undir körfur
- Rúðubrot
- Úttektir og viðgerðir neyðarljósa, skipt um pumpur útljós Olympia 8 stk
- LED lampi í háf 2400lm 20W IP65 ofl

- Unnið við skólabjöllur
- Setja upp 4 stk götuljósker með næturdimmingu
- Dúkalögn á herbergi
- Skipt um WC í stofu 14 og 17. Breyta lögnum í ræstiherbergi vesturálmu fyrir skolvask ,og þvottavél. Skipt um dælu fyrir snjóbræðslu í kjallara og bæta á frostlegi 40.litrar. Setja þéttiefni í snjóbræðslu í vesturálmu vegna leka. Skipt um ofn í stofu (BJARG) og laga snjóbræðslu.
- Laga niðurfallsrör utan á húsinu

**Áætlað viðhald á árinu 2022**
Á árinu 2022 er áætlað að verja um 15 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2022 er merkt með rauðu í texta hér að framan. Að auki er áætlað að verja í fjárfestingar um 9,5 milljón króna. Helstu fjárfestingaliðir eru, laga skólalóð, auka fjölda af hjólagrindum og bæta hljóðvist.

**Myndir af viðhaldsverkefnum:**

*Mynd. Laga þarf gólfefni víða við innganga. Á mörgum stöðum innandyra þarf að mála veggi.*



*Mynd. Laga þarf gólfefni s.s. yfirfara suður og laga sprungur í dúkum. Hurðakarmar víða orðnir uppbólgnir vegna raka frá ræstingu.*

# Lækjarskóli

| | |
|---|---|
| Heildarviðhaldskostnaður | 96 m.kr. |
| Bókhaldsnúmer | 31-111-11010 |
| Heimilisfang | Sólvangsvegur 4 |
| Byggingaár | 2003 |
| Flatarmál | 6578 m² |
| Fasteignarmat | 2.609.850.000 |
| Tegund húsnæðis | Skóli |

**Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár.**
Ástand húsnæðisins er í ágætis standi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **18 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **26 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldsþörf næstu 3 árin er því um **90 milljónir króna.** Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:
**Innanhúss:**

- Endurmála skólann í áföngum
- Bæta aðgengi fatlaðra, skipta um útihurðar, setja rennihurðar
- Skipta út eða laga hússtjórnarkerfi (iðntölvu), sem er farin að bila.
- Lökkun á innréttingum
- Slípa og lakka parket á stigagöngum, tröppum og handlistum.
- Mála smíðastofu og olíu bera hefilbekki
- Skipta út rofastýringum í nokkrum stofum
- Skipta út hreyfiskynjurum sen eru ónýtir
- Setja þrýstimæla á loftræstingar
- Loftræstikerfi bilaðir mótorlokar sem þarf að endurnýja
- Laga dælu í dælubrunni
- Leki á gulagangi með glugga
- Laga flóttahurð í norðurenda og leka með henni
- Skipta um spólur í hluta af ljósbúnaði á göngum
- Skipta um hluta af ónýtum gluggamótorum

**Utanhúss:**

- Skoða lausnir varðandi rennur og niðurföll, vandamál í frosti og spurning um að setja hitakapal.

- Lækka niðurföll á skólalóð
- Bera á timburvirki utan á skólanum
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.
- Útiljós hleðsluveggir

| Viðhaldsskipting næstu 3 ár | | |
|---|---|---|
| **2022** | **2023** | **2024** |
| 12.000.000 | 42.00.000 | 42.00.000 |

**Framkvæmdir 2021.**
Á árinu 2021 var varið um 6,1 milljónum í viðhald á eigninni og að auki um 7,2 milljónum í viðhald á lóð skólans. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Fara yfir og skipta út neyðar og út/exit ljósum. Fara yfir KNX forritun með tilliti til viðgerðar 2,00 á DALI ljósastýringu í fyrirlestrarsal og matsal. Skipta um perur og ballast í ljósum (ef þess 4,50 þurfti), laga eitt ÚT/Exit ljós sem var bilað
- Bilanagreining á snjóbræðslu, bilaður útihitanemi, skipt um hitanema. HREYFISKYNJARI IS2160 160° 12m 600W HVÍTUR/VEGG IP54 STEINE. Útskipti á reykskynjurum. EASY LIGHT útljós, 30 LED, 1,5h autotest IP40. BALLAST 70W CDM ELECTRONIC
- Setja upp handrið á göngustíg við götu
- Hlið við götu hjá leikskóla
- Vélaleiga JFG 2632ES rafm.skæralyfta flutningur. Bilaðar DSI ballastar, athuga með verð og fleira hjá birgjum
- JFG 2632ES rafm.skæralyfta (v/reykskynjara sem skipt var um)
- Skipta um brunndælu
- Skipta um brotna rúðu
- Vinna við innihurð
- Skoða rafmagns teikningar og senda breytingar
- Skipt um hraðabremsuvír í lyftu
- Flytja hurð
- Leiktæki Gúmmíhellur redbrown
- Leiktæki Proludic J45053 Gervigras multisport 66 m2, fallvörn 45mm HIC 3, 66 m2Gormatæki Stjörnuhrap
- Forritun á breytingum í brunaviðvörunarkerfi. TR. PCA 1x26-57W TC ECO 15 stk DALI/ÞRÝSTIR: 22185120. skipta um ballast í ljósum. skipta út dsi spennum
- Forritun á breytingum í brunaviðvörunarkerfi. TR. PCA 1x26-57W TC ECO 15 stk DALI/ÞRÝSTIR: 22185120. skipta um ballast í ljósum. skipta út dsi spennum
- Forrita brunaboð fyrir Hús 3 og laga gagnagrunn. Technicia Laga gangagrun fyrir merki.
- Málningarvinna. Gangur að rauða anddyri og veggir í rauða anddyri. Gangur að gula anddyri og veggir í gula anddyri. Fyrirlestrarsalur og frístundarheimili fyrir 1. og 2. bekk (2 herbergi og alrými). Sérkennslustofa Tímavinna: slípaðir og lakkaðir bekkir í gula og rauða anddyri. Lekaviðgerð í glugga í gula anddyri.
- KSÍ völlur, lagf. Hleðslukant
- Leiktæki Proludic J 45053, gervigras Multisport 26 74 m2, fallvörn 45 mm HIC 3 74 m2
- Viðgerð á niðurfalli og þakgluggum á þaki
- Lóð Lagfæra leiktæki og körfuboltakörfur

- Skoða virkni á útsogsstýringu fyrir eldhúsháf.
- Tillögur að breytingum. Virkja sjálfvirka kveikingu á útsogsháfi
- Samskipti við Schindler vegna hringjara fyrir lyftur
- Skipt um brotna rúðu
- Aðstoða tæknimann Schindler lyftna með hringjara í lyftu
- Fjarlægja efni af leiksvæði
- Henda nýjum kastala, fleigun v leiktækja ofl
- Setja upp kastala
- Plastvinklar
- Sandur undir leiktæki
- Akstur með gáma vegna lóðaframkvæmda
- Brotin rúða
- Vinna v. Torflagningu á lóð
- Endurbætur á lóð, gámaflutningar
- Laga gluggamotor og festa ljósastaur
- Yfirferð á loftræsikerfi, panta síuvaka á innblástur
- Skólaklukkur, skoða bilaðar klukkur og leita að verði í nýjar
- Vinna við loftræstingu skipta um hringrásardælu og frostlög, vinna við element
- 4 stk BJALLA MASTERBELL 6" 220/240V AC :56-230, 3 stk BJALLA MASTERBELL 6" 24V AC : 56024. Skipta um skólabjöllur úti, taka niður 4,00 klukkur til viðgerða. Skipta um ónýtan þakblásara ÚB2 á þaki. Útdráttur á cat5e streng fyrir myndavél yfir heitum potti í sundlaugarhúsi.
- Brunnur SS TH- VA 150mm+TM65I 150mm
- Neyðarljóssa úttekt, 1 stk LOUNGE LIGHT útljós, 34x17 autotest niður, 5 stkEASY LIGHT útljós, 15 LED, 1,5h autotest IP40, neyðarljósa úttekt ´þróttahúsi og skipt um ljós í kjallara
- Setja upp klukkur utan á skóla og lagfæra neyðarljós inni í sundlaugar sal. EFNI: Þakblásari DVS 450DV
- Vinna við heitt neysluvatnskerfi, skipta um dælu, þrýstijafnara og þennslukút, vinna við neysluvatnsgrind

**Áætlað viðhald á árinu 2022**

Á árinu 2022 er áætlað að verja um 12 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2022 er merkt með rauðu í texta hér að framan. Að auki er áætlað að verja í fjárfestingar um 3,5 milljón króna. Helstu fjárfestingaliðir eru laga skólalóð og fjölga hjólagrindum.

**Myndir af viðhaldsverkefnum:**

*Mynd. Hurð orðin léleg á útigeymslu Bæta þarf aðgengi fatlaðra og setja rafmagnsopnanir á útihurðar.*

*Mynd. Mála þarf víða veggi og laga eftir rakaskemdir. Ljósbúnaður í loftum orðinn lélegur þarf að fara að skipta honum út*

# Lækjarskóli - íþróttahús

| | |
|---|---|
| Heildarviðhaldskostnaður | 14,5 m.kr. |
| Bókhaldsnúmer | 31-111-11010 |
| Heimilisfang | Sólvangsvegur 4 |
| Byggingaár | 2005 |
| Flatarmál | 1639 m² |
| Fasteignarmat | 148.550.000 |
| Tegund húsnæðis | Íþróttahús |

**Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár.**
Ástand húsnæðisins er gott. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **10 milljónir** króna. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,5 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldsþörf næstu 3 árin er því um **14,5 milljónir króna.** Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

**Innanhúss:**

- Endurmála veggi og glugga.
- Laga og mála hurðar í íþróttasal og í búningsklefa drengja.
- Laga innstreymi vatns í kjallara sem verður ef rafmagn slær út
- Loftræsting í kjallara
- Gera við skemmd í gólfi í sundlaugarkjallara
- Skoða klæðningu á Íþróttahúsi að utan búið að skemma, plötur eru til
- Setja nýjan heitapott

**Utanhúss:**

- Bera á allt timburvirki utan á íþróttahúsi
- Laga leka í andyri

| Viðhaldsskipting næstu 3 ár | | |
|---|---|---|
| **2022** | **2023** | **2024** |
| 4.500.000 | 5.000.000 | 5.000.000 |

**Framkvæmdir 2021.**
Á árinu 2021 var varið um 1,5 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Þétta skyggni á íþróttahúsi ofl
- Ný stýring klórvinnsla Autodos M2 + kit PB 200
- Viðgerð á stjórnstöð
- Skipta um klórstöð í sundlaug, ABLOY Sleðaarmur m.segli f.tvöf hurð. skipta út hurðasleða með seglum
- Hurðapumpusegull, skipt um hurðaleða með segli að sundlaug
- Dreifirör hvít í 1200 fílter vegna sandskipta í sundlaug
- Viðgerðarvinna v. Sundlaugar
- Málningarvinna  Heitur pottur málaður. Efni: grunnað með jodam90 og lakkað með bátalakki.
- Viðgerð á bakskolunarloka
- Taka niður brotvörn á neyðarljósum og fara með í viðgerð

**Áætlað viðhald á árinu 2022**
Á árinu 2022 er áætlað að verja um 4,5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2022 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

**Myndir af viðhaldsverkefnum:**

*Mynd. Hurðir innanhúss eru margar orðnar lélegar. Girðingar hringum lóð orðnar lélegar.*

*Mynd. Niðurföll standa víða upp úr malbiki.*

# Menntasetrið

| | |
|---|---|
| Heildarviðhaldskostnaður | 68 m.kr. |
| Bókhaldsnúmer | 31-111-11001 |
| Heimilisfang | Skólabraut 3 |
| Byggingaár | 1924-1926 |
| Flatarmál | 2108 m² |
| Fasteignamat | 549.750.000 |
| Tegund húsnæðis | Skóli |

**Viðhaldsþörf fasteignar næstu ár.**
Kominn er tími á umtalsverðar endurbætur á húsnæðinu. Óvissa er tengd viðhaldsþörf sem ræðst af framtíðar starfsemi hússins. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða er áætlaður um **50 milljónir króna**. Ef miðað er við um 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **6 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldsþörf næstu 3 árin er því um **68 milljónir króna.** Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

**Innanhúss:**

- Endurmála veggi, glugga og hurðar.
- Endurnýja gólfefni.
- Endurnýja hurðar.
- Stækka hurðargöt.
- Laga leka með opnanlegum fögum.
- Líklegast þarf að leggja nýja heimtaug inn í skólann. Henda þarf út spennubreyti sem er inni í skólanum, sem er farinn að gefa frá sér hávaða og er farinn að hitna. Samhliða þessu þarf að ráðast í breytingar á rafmagnstöflum.
- Laga eftir leka við gólf á neðstu hæð á tveim stöðum
- Bæta aðstöðu fyrir fatlaða sem ræðst af notkun
- Skipta um ljósbúnað í mörgum stofum
- Myndavélakerfi.
- Endurskoða brunavarnir í húsinu sem ræðst af framtíðar starfsemi
- Laga loftræstingu
- Endurnýja þarf raflagnir og töflur í stórum hluta hússins
- Lagfæra hljóðvist í stofum

**Utanhúss:**

- Yfirfara rennur og niðurföll á gömlu smíðastofu
- Skipta um ryðguð járn á gluggum utanhúss
- Skipta um ryðgaðar flasningar á þaki smíðastofu
- Múrviðgerð og málun á gömlu smíðastofu.
- Lagfæra malbik á bílaplani
- Myndavélakerfi.
- Setja snjóbræðslu í 3 neðstu þrep í tröppum
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

| Viðhaldsskipting næstu 3 ár | | |
|---|---|---|
| **2022** | **2023** | **2024** |
| 8.000.000 | 30.000.000 | 30.000.000 |

**Framkvæmdir 2021.**
Á árinu 2021 var varið um 7,2 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Ný útiljós utan á húsið LEDlampi, IP65 36W 2880Lm 1200mm. Ljósnemi 16A 5-400Lux IP44. skipta út og færa photo-sellur, bilanaleit, 7,00 setja upp spólurofa í töflu fyrir kveikingu á útiköstum
- Skipta út blásara í þakrými
- Tengja/skipta um ofna, mæla f. Ofnum
- Spjót leiga Genie S-45. skipta um útikastara.
- Neyðarlýsing lagfæring. færa brunastöð á sérgrein, yfirfara út/exit og neyðarlýsingu færa brunastöð á sérgrein, yfirfara út/exit og neyðarlýsingu
- Færa reykskynjara, skipta um peru
- Handboða lykill. Skipta um gler í brotrofa að töfluherbergi
- Útskipti á brunastöð,út/exit og neyðarljósaúttekt. EASY LIGHT útljós, 4 LED, 1,5h autotest 3 stk. EASY LIGHT útljós, 15 LED, 1,5h autotest 5 stk.leggja rafmagn að leirbrennsluofni
- Gangsetja loftræstikerfið og grunnforrita búnað
- Lóð breyting á útiljósastýringu, draga út streng fyrir stýringu á kösturum og tengja
- Vinna við loftræstingu og snjóbræðslu
- Vinna við ofnalagnir á 1,2 og 3 hæð. Vinna við breytingar á miðsöðvakerfi
- Leiga JLG 4045R rafm.skæralyfta
- Skipta um ónýtt gler, skipta um glerlista ofl
- Setja flasningu við rennu á þaki
- JLG 660SJ Spjót, v. Lagfæringu á gluggum
- Lokun vegna rúðubrots 29/11
- HURÐ HVÍT SLÉTT 90CM
- Aftengja útiljós vegna jólaskreytinga, 32 stk GLAMOX C70-P1280 LED 5800 DALI 830:C70226589. Setja upp ljós og taka önnur ljós niður Lampar settir upp á annari hæð. 16 stk GLAMOX C70-P1280 LED 5800 DALI 830: C70226589

**Áætlað viðhald á árinu 2022**
